


Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
Sviðsstjóri  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. október 2011  
Tilvísun: UST20110900212/ksj

## Skipulagslýsing. Athafnasvæði við Mölvík. Umsögn

Vísað er til erindis Grindavíkurbærar er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu vegna tillögu að iðnaðarsvæði við Mölvík í Grindavíkurbæ.

### Framkvæmdasvæðið

Ofangreint skipulagssvæði sem tillaga er um að verði deiliskipulagt fyrir iðnaðarlóðir er alls 52 ha að stærð. Svæðið skiptist í tvennt, svæði er markast til suðurs af hafi og Nesvegi til norðurs, og síðan svæði norðan Nesvegar. Svæðið sem liggur sunnan vegar hefur verið raskað mikið við framkvæmdir við grunna undir ker vegna fiskeldis og annarra bygginga sem hafa verið aflagðar. Þar við ströndina markast land af grýttum sjávarkambi. Fyrir norðan Nesveg er land nokkuð slétt og þar er svæðið óraskað.

### Náttúruminjar

Svæði á ofangreindri deiliskipulagstillögu er að mestu inni á svæði nr. 106 á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „*Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ, (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu. (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjöldu gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmögum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.*“

Sá hluta svæðisins sem er óraskaður, er að mestu leyti sandorpið hraun en einnig skýrir hraunkantar sem mikilvægt er að halda óröskuðum sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í lögunum segir að eldvörp, gervigígar og eldhraun séu jarðmyndanir er njóti



sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig er þar afrennsli frá hrauntjörn sem mikilvægt er að raska ekki. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að aðgengi almennings verði tryggt meðfram ströndinni til útivistar og fuglaskoðunar.


### Jarðminjar á Reykjanesi


Eins og fram kemur hér að ofan er svæðið sem til stendur að deiliskipuleggja, á náttúruminjaskrá og á svæðinu er hraun, bæði sandorpið og fallegir hraunkantar ásamt afrennsli frá hrauntjörn. Einnig er hluti svæðisins raskaður vegna aflagðra fyrri framkvæmda. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umgengni um náttúruminjasvæði á suð-vestur hluta Reykjaness verði góð og vandað til framkvæmda. Einnig telur stofnunin mikilvægt að þótt framkvæmdir verði á áður röskuðum svæðum þá sé nauðsynlegt að halda náttúruminjum eins og hraunköntum og afrennsli frá hrauntjörn sem er austan til á skipulagssvæðinu óröskuðum.

### Niðurstaða

Til stendur að deiliskipuleggja svæði við Mölvík. Hluta svæðisins hefur verið raskað við framkvæmdir sem hafa verið aflagðar. Stór hluti svæðisins er hraunsvæði þar sem skiptast á sandorpin hraun og fallegir hraunkantar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ásýnd svæðisins haldi sér og tækifæri verði áfram til útivistar þótt svæðið verði deiliskipulagt fyrir iðnaðarlóðir. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess verði gætt að hrauni verði ekki raskað að óþörfu. Umhverfisstofnun hefur áður bent á í umsögnum sínum að með skipulagi iðnaðarlóða inni á hraunsvæði verði neikvæð og óafturkræf áhrif á svæðin. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að strandlengjan verði aðgengileg til útivistar og fuglaskoðunar, enda svæðið á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst

  
Áóalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun

